

Myndlistarkonur á Kjarvalsstöðum

Texti: Elín Pálmadóttir
Myndir: Kristján

Á Kjarvalsstöðum stendur yfir myndlistarsýning á verkum 47 norræna listakvenna. Sýning sem er búin að vera í vel metnum söfnum í Svíþjóð, Finnlandi, og Noregi og fer til Danmerkur frá Íslandi. Hefur sýningin fengið mikið umtal og ágæta dóma, þar sem hún er búin að vera, þ.e. í Malmö konsthall í Svíþjóð, Ábo Konstmuseum og Mellersta Finland Museum í Jyväskylä í Finnlandi, Galleri F. 15 í Moss. En hún verður sett upp í Árhús Kunstmuseum eftir að henni lýkur á Kjarvalsstöðum 26. þessa mánaðar. Þetta er geysifyrgrípsmikil sýning, 255 verk alls, og þótt hún fylli Vestursal Kjarvalsstaða og ganga, varð samt ekki rúm fyrir þau öll.

Sex íslenskar myndlistakonur eiga þarna verk. Aðluðu upphaflega að vera 10, eins og frá hinum löndunum, en þar sem sýningin var svo lengi í undirbúningi, 3-4 ár, þá gátu ekki allar verið með þegar til kom. Þessar sex á Kjarvalsstöðum, Borghildur Óskarsdóttir, Bergljót Ragnars, Edda Jónsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Valgerður Bergsdóttir voru þar allar, þegar fréttamaður blaðsins hitti þær, og ljósmyndari smellti af þeim meðfylgjandi myndum. Í spjalli yfir kaffibolla frammi í veitingasalnum kom fram að þarna er á ferð ákaflega önnur kafinn hópur listamanna og mikil fjölbreytni og gróska í því sem þær eru að fást við.



Í verbúð vestur á fjörðum

Bergljót Ragnars er upphafsmaður að þessari sýningarhugmynd ásamt sænsku listakonunni Marianne Agren. Hún er búsett í Danmörku og vinnur þar að list sinni. Hefur unnið mikið í plast og skyld efni, segir hún. En verk hennar á Kjarvalsstöðum eru olíumálverk. Og það voru verk hennar á síðustu einkasýningu hennar í Danmörku í nóvember sl. líka.

Bergljót kvaðst þó ætla að dvelja eitthvað áfram á Íslandi núna. Og það kemur í ljós, í spjalli okkar að til þess að afla peninga og geta verið á Íslandi, þá hefur hún ráðist sem matráðskona í verbúð á Patreksfirði, var eiginlega að hlaupa út á flugvöll til að ná flugvélinni þangað. — Ég hefi skuldbundið mig til að vera þar í mánuð í viðbót, og geri það að sjálfsögðu, sagði hún. En þar sem þær réðu sig tvær saman, gat hún skroppið í bæinn. Og hvernig líkar listakonu, sem kemur úr stórborginni við Sundin að vera matráðskona í verbúð vestur á fjörðum.

— Stórkostlegt, segir Bergljót. Auðvitað er það allt annað en það sem ég á að venjast. Við höfum 15

manns í verbúðinni og áhöfnina af bátunum, þegar hann er inni, sem hefur verið býsna oft í vetur, því veðrið hefur verið svo slæmt.

Hefur þessi vera á Patreksfirði áhrif á listsköpun hennar? — Ja, ég er alltaf upp með mér af því að geta gert eitthvað, sem ég hélt ekki að ég gæti, svarar Bergljót um hæl. Og þannig getur það orðið mér uppörvun og haft áhrif á upplifun á umhverfinu — og gerir það áreiðanlega, þótt ég sé ekki beint að mála umhverfið þar. Þetta land okkar er svo stórkostlegt. Maður veit það í rauninni ekki fyrr en maður hefur kynnt því.

Hefur teikninguna til vegs

Valgerður Bergsdóttir er grafíklistakona, sem einnig er mikil teiknimeistari. Og það eru einmitt teikningar, sem hún sýnir hér. Það kemur fram í spjallinu við hana, að þátttaka í norrænu sýningunni var bundin við olíumálverk og teikningar. Það gefur kannski til kynna hvers vegna þessar sex völdust einmitt til að vera fulltrúar Íslands.

Valgerður var með teiknisýningu í Torfunni í janúarmánuði. Og hún á nú teikningar á norrænni sýningu í Sveaborg, sem valdar voru í samkeppni, auk þess sem teikningar eftir hana verða á Biennialnum í Rostock. En hvers vegna er teikning henni svona hugleikin? Hefur það kannski haft áhrif, að móðir hennar er Valgerður Briem teiknikennari? Það kann að vera, segir hún. Ég reikna með að það hafi haft áhrif að alast upp í því andrúmslofti. Og hún hefur verið teiknandi frá barnæsku.

Hinar koma inn í þessar umræður, segja að þótt teikning hafi oft verið litin sem einhvers konar annars flokks list, þá sé hún undirstaðan undir allri myndlist. Og þær segja að þetta viðhorf sé alls staðar mjög að breytast og teikningar að rísa til vegs og virðingar. Ef til vill sé það andsvar við allri tækninni, að fólk hallast aftur að þessu beina sambandi, sem verður milli þess sem vinnur með blýanti á pappír eða pensli beint á léreft, án milliliða eins og t.d. er þörf í grafík og ýmissri annarri tækni. En þetta er einmitt einkenni á þessari sýningu, að hér sýna listamenn aðeins verk unnin með svo beinni tækni á

léreft og pappír. En sumar þessara listakvenna ætla einmitt að vera með á mikilli teiknimyndasýningu á Kjarvalsstöðum í sumar.


Myndefni Valgerðar á norrænu sýningunni nú eru frá Flatey á Breiðafirði og teikningarnar upphaflega skissaðar þar. En þar á hún hús og er á sumrin. Annars starfar Valgerður við myndlistarkennslu á vetrum, hefur kennt börnum í Myndlistaskólanum og einnig grafík. Og sjálf vinnur hún mikið að dúkskurði. — Það er miklu auðveldara sem önnur grafík, segir hún. Þarf ekki verkstæði, nægir að hafa efnið og hnifinn í hendinni.

Námskeið fyrir fatlaða og ófatlaða saman

Sigríður Björnsdóttir er með sína list á ferð og flugi. Var með verk á einkasýningu í Malmö í haust, er á leið til Vestmannaeyja með nýja sýningu á páskum — og hefur viðkomu nú á Kjarvalsstöðum. Þar sýnir hún litlar landslagsstemningar, byggðar á því, sem hefur heillað mig, eins og hún sagði. — Ég var alltaf í sveit

og upplifði þar línurnar, áferðina og víddirnar í náttúrunni. Þaðan eru óþrjótandi verkefni.

Annars kvaðst Sigríður hafa verið með námskeið fyrir fatlaða og ófatlaða saman að undanförunu. Hjá Sjálfbjörgu hafði hún slíkt námskeið með Guðmundi Magnússyni leikara, sem er sjálfur fatlaður, þar sem hún kenndi myndræna tjáningu og hann leikræna tjáningu, og þau fléttuðu þetta saman. — Þar varð geysilega áhugaverður árangur og óvrandi viðbrögð, segir Sigríður. Til efnið var það, að spurningar komu til íslenskra listamanna frá UNESCO, menningarsamtökum Sameinuðu þjóðanna, um það hvað listamenn hér ætluðu að gera á ári fatlaðra og það keivti hugmyndina að því að reyna þetta. En ég er í Íslandsdeild Alþjóðamyndlistarsamtaka, sem aftur eru aðilar að UNESCO, útskýrir Sigríður. Og UNESCO vill fá skýrslu frá okkur um þessa tilraun okkar á ári fatlaðra. Ætla að dreifa henni til 48 aðildarríkja. Þessi Íslandsdeild, sem m.a. Valgerður Bergsdóttir er í með mér, hefur sinnt þessu og hyggur á sýningu í haust og það verður framlag íslenskra myndlistarmanna til árs fatlaðra.



Austan við Bláfjöllin

Í tveimur greinum, sem báðar hafa komið hér í blaðinu, hefur verið sagt frá nokkrum skemmtilegum gönguleiðum fyrir skíðamenn um Mosfellsheiði og nágrenni. En um fleiri leiðir er að ræða, og verður þessu spjalli framhaldið enn um sinn.

I. Gengið í Jósefsdal

Allir, sem eitthvað hafa kynnt sér gönguleiðir í nágrenni borgarinnar þekkjá Jósefsdalinn, þessa vinalegu og sumarfögru dalkvos að baki Víðisfellsins. Þar er mikið vetrarríki og að jafnaði liggur snjór í dalnum langt fram á vor. Göngunni er nú heitið þangað. Ef snjór er nægur umhverfis Kaffistofuna við Svínahraun er sjálfkjörið að skilja bílinn þar eftir, spenna skíðin á sig, og taka stefnuna í skarðið austan við Víðisfellið, milli þess og Sauðadalshnúkana. Af efstu brún skarðsins blasir meginhluti dalsins við augum okkar þakinn fönn. Brattar hliðar umlykja hann frá öllum hliðum en dalbotninn er flatur og sléttur, kjörið göngu-

land skíðamannsins. Á austurhlið dalsins, skammt frá skarðinu sem leið okkar lá um, opnast annað skarð milli hárra fjallatoppa. Það heitir Ólafsskarð.

Við göngum nú inn eftir dalnum og alveg inn í botn. Hann er allt að 2 km að lengd svo gangan tekur sinn tíma. Ef til vill á einhver í hópnun ljúfar minningar fölgarni hugskotinu frá fyrri dögum, þegar líf og fjör ríkti í skíðaskála Ármanns, en hann stendur á háum hól nærri miðjum dal, að falli kominn, góð áminning til okkar um „hve allt er í heiminum hverfult“.

Ef tími og aðstæður leyfa er sjálfsagt að skreppa upp í Ólafsskarðið og ganga síðan norður með Sauðadalshnúkunum að austanverðu. Fara svo norður fyrir Blákoll og þaðan niður að bíl.

II. Gengið um Eldborgir, Leiti að Geitafelli

En það er um fleiri áhugaverðar leiðir um þetta svæði að ræða en þá, sem þegar hefur verið nefnd. Er ætlunin að kanna eina

þeirra hér, en hún er nokkuð löng, svo óvanir göngumenn ættu ekki að leggja í hana að óathuguðu máli.

Farið er úr bílnum í Svínahrauni austan við Blákoll og þaðan er svo gengið suður hraunið milli Blákolls og Lambafellsins að Eldborgum. Þær eru tvær. Sú nyrðri er ekki merkt á kortið, en hún sést frá veginum. Frá syðri Eldborginni göngum við að Leiti, sem er austanvert við Bláfjöllin. Leiti er gömul eldstöð. Þaðan hafa runnið hraun, m.a. þau hraun er mynduðu Rauðarhólshelli og Rauðhólana svo eitthvað sé nefnt. Leiðin að þessari fornu eldstöð hefur verið nokkuð á fótinn, en nú breytir til hins betra, því segja má, að þaðan og suður að Geitafellinu sé samfelld brekka, ekki brött að vísu, en alls staðar hallar undan fæti svo rennslið verður hagstætt. Eftir kortinu að dæma er leiðin frá Leiti að Geitafelli 7 km og munu brunbrekkurnar ekki gerast lengri á öðrum og frægari stöðum.